

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2016

Efni: Frumvarp til laga um útlendinga (728. mál)

Viðskiptaráð þakkar fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Frumvarpið felur í sér heildarendurskoðun á lögum um útlendinga og jafnframt eru lagðar til breytingar á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Ein afleiðing alþjóðavæðingar er sú að fyrirtæki sækjast í auknum mæli eftir því að ráða tímabundið til starfa sérhæft erlent starfsfólk. Samkeppni um erlenda sérfræðinga takmarkast ekki við landamæri og því keppast ríki heims um að bæta starfsskilyrði þeirra. Mörg ákvæði frumvarpsins miða að því að bæta þjónustu við erlenda sérfræðinga enn frekar en núgildandi lög kveða á um. Viðskiptaráð hefur talað fyrir því að mikilvægt sé að bæta stöðu erlendra sérfræðinga hér á landi og telur frumvarpið varðandi þau atriði að mestu leyti til bóta.¹

Afgreiðsla dvalar- og atvinnuleyfa

Miklu máli skiptir fyrir alþjóðleg fyrirtæki að fá sérhæft starfsfólk til starfa með skjótum hætti. Seinlegt afgreiðsluferli dvalar- og atvinnuleyfa getur leitt til þess að Ísland verði undir í samkeppni um erlenda sérfræðinga. Mörg ríki Evrópu setja sér af þessum sökum markmið um að afgreiðsla dvalar- og atvinnuleyfa fyrir erlenda sérfræðinga taki sem skemmstan tíma.

¹ Sjá skoðun Viðskiptaráðs frá 12. ágúst 2014, „*Snúum vörn í sókn: Umhverfi erlendra sérfræðinga á Íslandi*“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skodanir/2014-08/> og umsögn ráðsins frá 10. maí 2016 um frumvarp til laga til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti (668. mál). Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/umsagnir/aukinn-studningur-vid-nyskopun-fagnadarefni/>

Í núgildandi lögum um útlendinga er kveðið á um að Útlendingastofnun sé heimilt að fengnu samþykki ráðherra að veita umsóknum forgangsafræðslu. Með frumvarpi þessu er Útlendingastofnun heimilt án samþykki ráðherra að forgangsráða umsóknum. Samkvæmt greinargerð með frumvarpinu er ákvæðinu ætlað að koma til móts við þarfir fyrirtækja sem þurfa að ráða fólk til starfa án frekari tafa en hjá verður komist. Með frumvarpinu er einnig lagt til að Útlendingastofnun verði heimilt að taka þjónustgjald fyrir flýtimeðferð til að standa straum af kostnaði stofnunarinnar og á gjaldið að nægja til að endurspegla þörf á starfshlutfalli til að sinna þessum verkefnum. Viðskiptaráð fagnar þessari breytingu enda er flýtafgræðsla líklegri til þess að skila árangri þegar þau fyrirtæki sem eftir henni óska greiða fyrir þá þjónustu sérstaklega. Oft eru miklir hagsmunir í húfi fyrir fyrirtæki að fá erlenda sérfræðing til starfa sem fyrst og þau því viljug til þess að greiða fyrir skilvirka flýtimeðferð með sérstöku þjónustugjaldi.

Samkvæmt núgildandi lögum er erlendum sérfræðingum óheimilt að koma til landsins fyrr en umsókn þeirra hefur verið samþykkt. Í frumvarpi þessu er að finna nýmæli um að útlendingar sem hyggjast sækja um störf sem m.a. krefjast sérfræðipækkingar megi dvelja hér á landi þegar þeir sækja um dvalarleyfi á þeim grundvelli. Viðskiptaráð fagnar þessari sem og framangreindum breytingum enda eru þær til þess fallnar að bæta samkeppnishæfni Íslands þegar kemur að þjónustu við erlenda sérfræðinga.

Skilyrði vegna framlengingar tímabundins atvinnuleyfis

Í frumvarpinu eru einnig lagðar til ýmsar breytingar á lögum um atvinnuréttindi, þ.á m. um skilyrði tímabundins atvinnuleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar. Verði frumvarp þetta að lögum verður Vinnumálastofnun heimilt þegar lagt er mat á það hvort skilyrði framlengingar atvinnuleyfisins séu uppfyllt að óska eftir upplýsingum frá atvinnurekanda, t.d. um hvort sérfræðipækking útlendingans hafi nýst í því starfi sem hann var ráðinn til að gegna.

Viðskiptaráð leggst gegn því að heimild þessi verði lögfest. Heppilegast er að fyrirtækin meti það sjálf hvort starfskraftar tiltekinna sérfræðinga nýtist þeim. Fyrirtæki væru jafnframt ekki að óska eftir því að viðkomandi sérfræðingur starfi enn hjá fyrirtækinu ef sérfræðipækking hans nýttist ekki í starfinu. Líkt og greint er frá hér að framan er mikilvægt að umsóknarferli gangi hratt og örugglega fyrir sig. Töluliður þessi er að mati Viðskiptaráðs einungis til þess fallinn að hægja á umsóknarferli framlengingar atvinnuleyfis að óþörfu.

Skattaívilnanir fyrir erlenda sérfræðinga

Að lokum telur Viðskiptaráð rétt að benda á að í frumvarpi sem nú er til meðferðar á Alþingi sem m.a. kveður á um skattalegar ívilnanir fyrir erlenda sérfræðinga (668. mál) koma fram sérstök skilyrði sem erlendir sérfræðingar þurfa að uppfylla til að njóta skattaívilnana. Jafnframt kemur fram að ráðherra sé heimilt að setja reglugerð þar sem meðal annars skal kveða á um þær kröfur sem erlendir sérfræðingar þurfa að uppfylla til að njóta skattaívilnana. Hins vegar er í lögum um atvinnuréttindi útlendinga fjallað um skilyrði fyrir veitingu atvinnuleyfis vegna starfs sem krefst sérfræðipækkingar.² Með þessum hætti getur því erlendur sérfræðingur fengið atvinnuleyfi hér á landi á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar en á sama tíma ekki fallið undir skilyrði skattalegra ívilnana samkvæmt nýju frumvarpi.

Skattalegar ívilnanir geta í mörgum tilfellum verið ein af forsendum þess að erlendur sérfræðingur kýs að koma hingað til lands til að hefja störf. Viðskiptaráð telur að gilda eigi sömu kröfur um veitingu atvinnuleyfa á grundvelli sérfræðipækkingar og skattalegra ívilnana svo að þeir erlendu sérfræðingar sem fá atvinnuleyfi á grundvelli sérfræðipækkingar uppfylli jafnframt skilyrði skattalegra ívilnana. Viðskiptaráð telur að þetta kerfi eigi að vera eins einfalt og hægt er. Óþarflega flókið ívilnanakerfi er einungis til þess fallið að auka kostnað atvinnulífsins og innan stjórnsýslunnar.

² Ákvæðið á við um erlenda sérfræðinga sem standa utan EES.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,

Margrét Berg Sverrisdóttir

Margrét Berg Sverrisdóttir, lögfræðingur